

## FUNDARGERÐ

312. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, þriðjudaginn 16. ágúst 2022 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HP), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Sunna Dögg M. Guðjónsdóttir (SDG) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Ívar Karl Hafliðason (ÍKH)

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá

---

- 1 Starfsreglur stjórnar
  - 2 Jarðhitarannsóknir í vinnslu
  - 3 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
  - 4 Fjarðarheiðargöng – umsagnir til skipulags
  - 5 Fráveitureglugerð – drög í vinnslu
  - 6 Kynding Brúarásskóla
  - 7 Verkefni – til kynningar
  - 8 Heimsóknir á starfsstöðvar
  - 9 Önnur mál
    - a. Hitaveita Djúpavogshrepps
- 

#### 1 Starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar yfirfarnar, samþykktar og undirritaðar með minniháttar orðabreytingum frá síðustu útgáfu.

#### 2 Jarðhitarannsóknir í vinnslu

**Breiðavað – Mýnes II:** Að tillögu ráðgjafa er hinkrað fram í september með að mæla hitastigul í holum sem boraðar voru í sumar. Það á að skila nákvæmari upplýsingum til að ákveða staðsetningu og stefnu tilraunavinnsluholu. Samningsgerð við landeigendur er í vinnslu.

**Búlandsnes:** Hlé er á dæluþrófun nú. Kanna þarf betur samgang milli holanna og í undirbúningi er niðurdæling í 2-3 holur nærri þeirri sem dælt var úr í sumar. Framhald í september.

#### 3 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun

Staða mála yfirfarin – í vinnslu.

Fyrirsjáanleg verk veitunnar verði birt á heimasíðu félagsins.

#### 4 Fjarðarheiðargöng – umsagnir til skipulags

Stjórn afgreiðir tillögur framkvæmdastjóra að umsögnum um vinnslutillögur aðalskipulagsbreytinga Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 og Fljótsdalshéraðs 2008-2028:

Fyrirliggjandi drög að umsögn HEF við breytingatillögu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, dags. 1.7.2022 samþykkt óbreytt.

Fyrirliggjandi drög að umsögn HEF við breytingatillögu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 dags. 6.7.2022 yfirfarin og bætt. Samþykkt.

## 5 Fráveitureglugerð – drög í vinnslu

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu vinnslu reglugerðarinnar á vettvangi stjórnvalda, Samorku og Sambands sveitarfélaga.

Stjórn kallar eftir kynningu á verkefninu og stöðu vinnunnar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir slíku hjá Samorku / Sambandi sveitarfélaga.

## 6 Kynding Brúarásskóla

Samtal við Eignasjóð Múlaþings er í gangi um kyndingu og neysluvatn í Brúarási. Tillaga um hlutverka- og kostnaðarskiptingu Eignasjóðs og HEF er í smíðum. Samhljómur er um að umsjón og eftirlit með nýrri varmadælu sé best komið hjá HEF, sem þegar er með umsjón og eftirlit með hitaveitu og vatnsveitu. Tæknilega á að vera einfalt að bæta varmadælunni inn í eftirlitskerfi HEF. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögu að fyrirkomulagi og gjaldskrá.

## 7 Verkefnin – til kynningar

AÐ lagði fram lista og fór yfir helstu verkefni í undirbúningi og vinnslu.

## 8 Heimsóknir á starfsstöðvar

Stjórn stefnir á heimsóknir í kjarna Múlaþing, starfssvæði veitunnar í september; 21., 22., 28. og 29.

Tímasetningar miðast við brottför frá aðalskrifstofu HEF, Fellabæ kl. 14:30.

## 9 Önnur mál

### a. Hitaveita Djúpavogshrepps

Fyrir liggja drög að ársreikningi Hitaveitu Djúpavogshrepps fyrir árið 2021, unninn af KPMG endurskoðun. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:25.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2022

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_